

Mánudaginn 5. marz 1917.

Nr. 6/1917.

Réttvísinn

gegn

Magnúsi Steingrímssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur verður lagður á mál þetta, þyk-  
ir nauðsynlegt að leita með réttarrannsókn frekari  
upplýsinga um þau atriði, er nú skal greina:

- I. Fá nánari skýrslu ákærða um það, hvar og með hverjum hætti kindur þær, er hann slátr-  
aði á Hólanesi 23. sept. 1914, hafi komið sam-  
an við fé hans, hvenær hann hafi fyrst orðið  
þeirra var, hvar hann hafi tekið þær úr fé  
sínu til slátrunar.
- II. Fá nánari skýrslu ákærða um það, með hverj-  
um hætti lömb þau tvö, er hann markaði und-  
ir sitt mark í fyrri Tungurétt, hafi komið sam-  
an við fé hans, hvar og hvenær hann hafi fyrst  
orðið lambanna var í fé sínu, hvenær hann  
hafi afráðið að slá eign sinni á þau, hvar  
hann markaði þau undir mark sitt og hvort  
nokkur hafi hjálpað honum við það verk.
- III. Fá nánari skýrslu ákærða um lömb þau, er  
hann kveðst hafa keypt af Jóni Gíslasyni frá  
Löngumýri haustið 1911, hvar og hvenær hann  
hafi keypt þau, hvar tekið á móti þeim, hvort  
hann þá þegar hafi markað þau undir sitt  
mark, hvenær hann hafi rekið þau heim til  
sin, hvernig á því hafi staðið að annað lamb-

ið, grá lambgimbur, hafi komið úr bæjarrekstrí síðar um haustið.

- IV. Yfirheyra nefndan Jón Gíslason um framannefnd atriði, svo og, ef tók er á, þann eða þá, sem fóru með fjárreksturinn, er hin gráa gimbur var tekin úr á Njálstöðum, um það hvort lamb þetta hafi verið blóðmarkað, er þeir fóru með reksturinn.
- V. Yfirheyra ákærða nákvæmar í tilefni af framburðum Stefáns Stefánssonar í Hafstaðakoti, Valdemars Stefánssonar á Efri-Mýrum og Jóns þess Jónssonar, er ræðir um í réttarhaldi 17. nóv. 1915.
- VI. Með því að vikið er að því á nokkrum stöðum í prófunum, að ákærði sé ekki með fullri skynsemi eða veill á geði, ber að rannsaka hvort þetta er á rökum byggt, og í því tilliti fá skýrslur um það hvort ákærði sjálfur hefir getað stjórnað búi sínu eða gegnt störfum sínum að öðru leyti; ef ástæða þykir til ber að útvega læknisvottorð um sálarástand ákærða.
- VII. Fá skýrslu ákærða um æfiferil hans, uppeldi, uppfræðslu og dvalarstaði og um það, hvort hann hafi áður sætt ákæru eða refsingu.

Ber rannsóknardómaranum að útvega skýrslur þessar og þær aðrar upplýsingar, er framhaldsprófin kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega framangreindar skýrslur og upplýsingar svo fljótt sem verða má..